



Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Vestmannaeyjabær, kt. 690269-0159, Ráðhúsinu, 900 Vestmannaeyjar (hér eftir Vestmannaeyjabær eða sveitarfélagið) er nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar um starfsmenn. Með persónuupplýsingum er átt við hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða eins eða fleiri þátta sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Vestmannaeyjabær safnar og vinnur með nauðsynlegar upplýsingar um starfsfólk, svo sem upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, netfang, símanúmer, viðveru, laun og samskipti. Fer vinnslan fram til að hægt sé að efna ráðningarsamning við starfsmenn, til að uppfylla lagaskyldu og til að gæta að lögmætum hagsmunum sveitarfélagsins, en þeir felast í því að geta tryggt eðlilegan rekstur þess.

Vestmannaeyjabær miðlar persónuupplýsingum til þriðju aðila sem ráðnir eru af sveitarfélaginu til að vinna fyrir fram ákveðna vinnu, til dæmis þjónustuveitenda sem sjá um að hýsa gögn. Í slíkum tilfellum gerir sveitarfélagið vinnslusamning við viðkomandi aðila, en slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að fylgja fyrirmælum Vestmannaeyjabæjar um meðferð persónuupplýsinga og er honum óheimilt að nota þær í öðrum tilgangi. Jafnframt ber honum skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með viðeigandi hætti.

Vestmannaeyjabær gæti einnig í ákveðnum tilvikum þurft að deila upplýsingum til þriðja aðila, sem ekki er bundinn fyrirmælum sveitarfélagsins um meðferð þeirra, þegar skylda stendur til samkvæmt lögum, til dæmis Ríkisskattstjóra vegna launagreiðslna.

Vestmannaeyjabær er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er sveitarfélaginu óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið þeirra laga nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru persónuupplýsingar sem Vestmannaeyjabær vinnur um starfsmenn sína afhentar Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja að þrjátíu árum liðnum.

Starfsmenn njóta ákveðinna réttinda samkvæmt persónuverndarlögum, svo sem til að afturkalla samþykki sitt (þegar við á), réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar, réttar til að flytja eigin gögn, og réttar til að leggja inn kvörtun hjá eftirlitsaðila, þ.e. Persónuvernd. Hafa skal þó í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi starfsmenn frekari spurningar um hvernig sveitarfélagið meðhöndlar þeirra persónuupplýsingar geta þeir beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa Vestmannaeyjabæjar. Sá aðili er Dattaca Labs Iceland ehf. en erindum skal beint á dpo@dattacalabs.com.

Ég hefi lesið þetta skjal og er kunnugt um hvernig Vestmannaeyjabær meðhöndlar mínar persónuupplýsingar ().

Dagsetning

Nafn starfsmanns